

Erindisbréf starfshóps um húsnæðismál Fellaskóla

Á fundi fjölskylduráðs Múlaþings, 5. mars 2024, var samþykkt að skipa í starfshóp varðandi húsnæðismál Fellaskóla, í samræmi við bókun frá 45. fundi sveitarstjórnar undir málinu 202401139 - Húsnæðismál Fellaskóla.

Starfshópin skipa Björg Eyþórsdóttir fulltrúi meirihluta fjölskylduráðs sem jafnframt er formaður starfshópsins, Jóhann Hjalti Þorsteinsson fulltrúi minnihluta fjölskylduráðs og Þórhalla Þráinsdóttir fulltrúi starfsfólks Fellaskóla.

Fræðslustjóri, framkvæmda- og umhverfismálastjóri, skólastjóri Fellaskóla og skólastjóri Tónlistaskólans í Fellabæ starfi með starfshópnum.

Fræðslustjóri boðar til funda starfshópsins í samráði við formann auk þess að halda fundargerðir.

Starfshópurinn skal eiga samtali við fulltrúa ungmennaráðs og nemenda skólans sem og fulltrúa foreldra á vinnslutíma.

Verkefni starfshópsins er að greina þá valkosti er koma til greina varðandi lausn á húsnæðisvanda Fellaskóla fram að þeim tíma þegar farið verður í að stækka húsnæðið en það er á áætlun fyrir árin 2030-2032.

Upphafsins málsins er bókun fjölskylduráðs frá 91. fundi ráðsins, en þar var samþykkt undir málinu 202311344 *Viðbrögð við fyrirhugaðri fjölgun leikskólabarna á Héraði:*

Samkvæmt áætlun um nýframkvæmdir í Múlaþingi á að taka nýjan leikskóla í notkun á Egilsstöðum árin 2029-2030. Stefna Múlaþings er að veita öllum börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri og hefur það markmið tekist hingað til. Fjölskylduráð vill hafa fyrirsjáanleika á því hvernig brugðist verði við, þar til nýr leikskóli verður tekinn í notkun, þannig að áfram verði hægt að veita öllum börnum leikskólavist frá 12 mánaða aldri.

Fjölskylduráð samþykkir að opna gamla Hádegishöfða sem leikskóla, að hluta eða að öllu leyti um leið og þess gerist þörf. Ráðið samþykkir jafnframt að Fellaskóli fái að nýta húsnæðið við gamla Hádegishöfða þar til opna þarf leikskóla þar að nýju. Fræðslustjóra er falið, í samráði við umhverfis- og framkvæmdasvið, að fara í greiningarvinnu á húsnæðisþörf Fellaskóla, þannig að hægt sé að gera fullnægjandi ráðstafanir í húsnæðismálum skólans ef hann missir aðstöðu að hluta eða öllu leyti í gamla Hádegishöfða.

Starfshópurinn fundar eins oft og þurfa þykir auk þess að taka út núverandi aðstöðu og skoða mögulegar lausnir. Stefnt skal að því að starfshópurinn skili af sér niðurstöðum fyrir marslok 2024 og skal þeim fylgja kostnaðarmat.

Fundargerðir og niðurstöður / tillögur starfshópsins skulu lagðar fyrir fjölskylduráð og umhverfis- og framkvæmdaráð.

Fulltrúar sveitarfélagsins í starfshópnum, aðrir en starfsfólk sveitarfélagsins, skulu fá laun fyrir störf sín í samræmi við E lið, 3. gr. samþykktar um starfskjör kjörinna fulltrúa hjá Múlaþingi, sbr. 9. gr. sömu samþykktar.

Samþykkt í fjölskylduráði 5. mars 2024